

Algert trunaðarmál



Mánudaginn 30. nóvember 1959 komu þessir menn saman til fundar á heimili ambassadors Bandaríkjanna:

Utánríkisráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson, dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson, ráðuneyttisstjóri Henrik Sv. Björnsson, ambassador Muccio, Rear Admiral Loud, Colonel Willis (starfandi yfirmaður varnarliðsins) og G. H. Soulen, sendiráðunautur.

Mr. Muccio kynnti admiral Loud fyrir hinum íslensku fulltrúum. Skýrði hann síðan frá því, að bæði hann og admiral Loud hefðu fyrir rúmri viku sótt fund í Washington, þar sem rædd hefði verið varnaraðstaða Íslands og vissar breytingar í sambandi við varnarliðið á Íslandi. Vegna aukinnar hættu af kaþbátastyrk Rússa væri talið rétt að fara viðvörðunarkerfi það, sem legið hefði um Azor-eyjar, þannig að það yrði lagt um Skotland, Island og Grænland. Þetta nýja varnarkerfi - Warning Barrier System - yrði hluti af svonefndu DEW - Distant Early Warning System, er lögð um norðurhéruð Kanada og til Grænlands og áfram, og væru aðalstöðvar hins nýja kerfis hugsaðar á Íslandi. Fyrirhugað breyting hefði það í för með sér, hvað hlutverk varnarliðsins á Íslandi snerti, að sjólið Bandaríkjanna myndi að miklu leyti taka við af hernum, sem hingað til hefði haft á hendi aðalvarnarhlutverkið.

Var síðan rætt nokkuð fram og aftur um væntanlegar breytingar og svöruðu þeir Mr. Muccio og admiral Loud ýmsum spurningum, er hinir íslensku ráðherrar lögðu fyrir þá.

Upplýstist þetta m.a. á fundinum:

Frankvæmdir á vegum varnarliðsins mundu aukast verulega, vegna fyrirhugaðra breytinga frá því sem verið hefði, enda kemur þetta fram í sambandi við fyrirstandandi "allocation" viðræður í byrjun næsta mánaðar.

Sjólið Bandaríkjanna mundi smám saman koma í stað herliðsins á varnarsvæðunum og mundi tala varnarliðsmanna ekki raskast við þær breytingar. Byrjað yrði að flytja herliðið burt á fyrra misseri 1960 og mætti gera ráð fyrir, að breytingin yrði komin í kring fyrir árslok 1960.

Herskip þau, sem hafa mundu á hendi það hlutverk að annast viðvörðun- og varnargæzlu á hafinu milli Íslands og Skotlands, mundu ekki verða staðsett á Íslandi, heldur yrði bækistöð þeirra höfn í Skotlandi.

Mr. Muccio lagði fram uppkast að fréttatilkynningu, sem Bandaríkjastjórn óskaði að birta í Washington 3. desember kl. 10 árdegis, svohljóðandi:

"US plans to redeploy Army forces from Iceland next year.

"The Department of Defense announced today that it is planning to redeploy the United States Army Battalion Combat Team now stationed in Iceland. The Battalion will be gradually phased down and returned to the United States during the first six months of 1960. This redeployment has been under consideration for some time and will result in no overall reduction in the U.S. Army strength. Upon return to the United States the personnel of the Battalion will be assigned to other active Army units.

"The United States will continue to meet its commitments under the 1951 agreement providing for the defense of Iceland. Elements of the Strategic Army Corps stationed in the United States will continue to maintain their capability for immediate deployment to Iceland in case of emergency. The present move involves only the U.S. Army component of the Iceland Defense Force.

"The Government of Iceland has been informed of and has agreed to this move".

Hinir Íslenzku ráðherrar kváðust vilja athuga málið í heild og tilkynninguna nánar, áður en þeir tækju afstöðu til hennar.

30. nóvember 1959.

Stgr. Henrik Sv. Björnsson

TRÚNAÐARMÁL

Herra ráðherra Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Síðari hluta Nóvembermánaðar 1959 bárust Mjölni félagi Sjálfstæðismanna á Keflavíkurflugvelli tilmæli frá varaformanni flokksins hr. ráðherra Bjarna Benediktssyni, um að Sjálfstæðismenn á Keflavíkurflugvelli semdu ályktun og tillögur um þær breytingar sem helst væri þörf við rekstur flugvallarins og sambúðina við varnarliðið.

Í tilefni af þessu var boðaður sérstakur stjórnar og trúnaðarmanna fundur Mjölnis þann 27. nóvember 1959, og fer hér á eftir ályktun fundarins.

1. Endurskipulagning yfirstjórnar flugvallarmála.

- a. 2 nýir Sjálfstæðismenn verði skipaðir í varnarmálanefnd.
- b. Framkvæmdastjóri varnarmálanefndar hafi aðsetur á Keflavíkurflugvelli fullu umboði utanríkismálaráðherra.
- c. Æskilegt væri að allir núverandi meðlimir varnarmáladeildar utanríkis-
málaráðuneytisins verði leystir frá störfum, og deildin helst lögð niður.

Fundurinn telur að Sjálfstæðismenn þeir sem setið hafa í varnarmálanefnd hafi ekki verið þeir fulltrúar flokksins sem æskilegt væri, og teljum við að Sjálfstæðis-
flokkurinn ætti að hafa að minnsta kosti tvo menn í varnarmálanefnd og hafi þeir
sem nánast samstarf við þá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á Keflavíkurflugvelli, sem
hafa margra ára reynslu í starfi sínu þar og samskiptum við varnarliðið.

Æskilegt væri að staðsettur sé að flugvöllinum fulltrúi og umboðsmaður utan-
ríkismálaráðherra og bæri honum að fylgjast með rekstri ríkisfyrirtækja og annarra
íslenskra aðila á flugvöllinum, enda yrði hann milligöngumaður þessara aðila í
samskiptum þeirra við varnarliðið og sé hann með hliðstætt valdsvið er yfirmaður
varnarliðsins hefur fyrir hönd stjórnar Bandaríkjanna.

Varnarmáladeild utanríkismálaráðuneytisins hefur undanfarin ár verið gróðra-
stía Framsóknarmanna og væri þörf mikillar hreinsunnar þar og helst að láta alla
núverandi starfsmenn hætta og vel mætti leggja deildina niður og láta aðra aðila
taka við störfum hennar.

2. Ráðningar.

- a. Endurskoðað verði fyrirkomulag við ráðningar starfsfólks á flugvöllinn.
- b. Samráð verði haft við Sjálfstæðismenn á flugvöllinum um skipulag mannráðninga.
- c. Magnús Pálsson verði látinn hætta störfum sem fulltrúi Varnarmáladeildar
(Framsóknarflokksins.)

Núverandi fyrirkomulag við mannráðningar er mjög þungt í vöfum og sniðið
með það fyrir augum að gera Framsóknarmönnum kleift að hafa þar öll ráð í
höndum sér. Sjálfstæðismenn hafa á undanförunum árum verið áhrifalausir um
þessi mál og hefur það leitt til þess að ekki hafa verið aðrir en Framsóknar og
Alþýðuflokksmenn ráðnir til starfa ef mögulegt hefur reynst. Við þessa flokkun
umsækjanda hefur Magnús Pálsson, tollvörður unnið mest, í sambandi við flokks-

skrifstofu Framsóknarflokksins í Reykjavík og Ragnar Guðleifsson fyrir hönd Alþýðuflokksins.

3. Vinnumál.

- a. Vinnumálanefnd utanríkismálaráðuneytisins verði lögð niður.
- b. Íslendingar taki að sér þau störf við rekstur varnarstöðvanna og flugvallarins sem þeir geta leyst af hendi.
- c. Framkvæmt verði í ríkara mæli það atriði í varnarsamningnum er varðar tækniþjálfun Íslendinga.

Vinnumáladeild utanríkismálaráðuneytisins saman stendur af einum manni Hallgrími Dalberg, sem skrifar bréf og gefur fyrirmæli í nafni nefndarinnar. Ýmislegt sem þaðan kemur orkar mjög tvímælis og vafasamt hvort fallið er til að bæta sambúðina við varnarliðið eða vinnuskilyrði starfsfólksins.

Ýms eru þau störf hjá varnarliðinu viðkomandi vörnum landsins og þjónustu á flugvællinum sem Bandaríkjamenn gegna nú, en ætla mætti að Íslendingar hefðu menn sem gætu leyst slík störf af hendi, sérstaklega er hér um verkstjórn að ræða og störf sem þarfnast sérmenntunnar.

Þjálfun Íslendinga í þessi störf verður að halda stöðugt áfram unz takmarkinu er náð að Íslendingar geti tekið að sér rekstur flugvallarins og viðhald varnarstöðvanna þegar að því kemur að Íslendingar taki að öllu leyti við rekstri þeirra.

4. Löggæzla og flugmál.

- a. Rannsókn fari fram á embættisrekstri lögreglustjóra og flugvallarstjóra og þeir látnir víkja ef ástæða þykir til.

Undanfarið hefur verið mikið rætt um embættisrekstur þessara tveggja manna og ýms dæmi nefnd um mistök sem þar hafi komið fram. Ekki munum við að svo komnu máli leggja fram nein dæmi þar að lútandi, né leggja dóm á störf þeirra, en munum síðar gera frekari greinargerð ef óskað verður.

Ef ástæða þykir til, að rannsókn lokinni, til að láta menn þessa hættu störfum væri æskilegt að þeir sem skipuðu sæti þeirra yrðu valdir eftir hæfileikum til að gegna starfi því sem þeim er fengið.

5. Viðskiptamál.

- a. Erlend verzlunarfyrirtæki, önnur en bandarísk, á Keflavíkurflugvelli verði látin greiða skatta og hlýti sömu reglum og hlíðstæð íslensk fyrirtæki.
- b. Starfsmenn þeirra hlíði sömu reglum og íslenskir.
- c. Afnumið verði bann það er dr. Kristinn Guðmundsson setti á verzlunar- og viðskiptarekstur Íslendinga á flugvallarsvæðinu, þá er hann gegndi starfi utanríkismálaráðherra.

Á flugvællinum eru starfandi brezk verzlunarfyrirtæki sem greiða enga skatta til íslenska ríkisins og virðast njóta flestra fríðinda varnarliðsins. Starfsmenn þeirra njóta sömu fríðinda og varnarliðsmenn t. d. tollfríðindi.

Gera verður kröfu til að íslenskum fyrirtækjum verði heimilað að gera tilboð í rekstur þennann og stunda viðskipti á flugvallarsvæðinu eins og annarstaðar á Íslandi.

Sjálfstæðismenn á Keflavíkurflugvelli hafa á undanförunum árum verið í nokkurskonar stjórnmalalegri einangrun og vonast þeir til að stjórnarforusta Sjálfstæðisflokksins í hinni nýju ríkisstjórn veiti Sjálfstæðismönnum á flugvellinum fullkominn stuðning í áhugamálum þeirra og störfum.

Keflavíkurflugvelli, 2. des. 1959.

F.h. stjórnar Mjölnis

Virðingarfyllt,

Bogi Þorsteinsson, form.

Þorgrímur Halldórsson, ritari

Frumrit Bjarni Benediktsson, ráðherra
1 afrit Ólafur Thors, forsætisráðherra
" Matthías A. Mathiesen, alþingismaður
" Alfreð Gíslason, alþingismaður
" Stjórn Mjölnis.

Eftirtaldir meðlimir stjórnar og trúnaðarráðs sátu fundinn.

Bogi Þorsteinsson	Flugmálastjórn
Konráð Axelsson	Varnarliðið
Þorgrímur Halldórsson	Varnarliðið
Þórður Halldórsson	Póstur & Sími
Jósafat Arngrímsson	Verktakar
Jón H. Jónsson	Verktakar
Ásgrímur Ragnars	Flugmálastjórn
Harald Faaberg	Varnarliðið
Ingvar Jóhannsson	Verktakar
Guðmundur Guðlaugss.	Flugmálastjórn
Erlingur Davíðsson	Varnarliðið
Sophus Nielsen	Verktakar

4. 10. 1911

MINNAR
BORGARSKJALASAFN
MANNILLAR